

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 169 21. ágúst 1970  
um söluskatt með áorðnum breytingum.

### 1. gr.

1. mgr. 7. tl. 10. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 450/1979, orðist svo:

Hvers konar sala, afhending eða þjónusta látin í té í matsölu-, veitinga- og gisti- húsum, þvottahúsum, efnalaugum, hárgreiðslustofum, rakarastofum og öðrum snyrti- stofum, flutningastarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin, véla- og önnur lausafjárleiga, afgreiðslu- og stöðvargjöld, fyrirgreiðslustarfsemi ferðaskrifstofa og önnur slík starfsemi, sýningar í kvikmyndahúsum, og hvers konar skemmtistarfsemi, sem ekki er sérstaklega undanþegin sbr. 15. og 24. tl. 14. gr. og tekur þetta einnig til sölu, afhendingar og þjónustu, sem innt er af hendi fyrir hina skattskyldu aðila sjálfa.

### 2. gr.

18. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sala skipasmíðastöðva og annarra viðgerðaraðila á efni og vélavinnu til skipa- viðgerða. Á þetta við um efni og vélavinnu til viðgerða á bolum skipa, föstum vél- um, tækjum og munum, sem telja má venjulegt fylgifé skipa. Undanþágan tekur aðeins til sölu á efni, sem viðgerðaraðilar vinna sjálfir úr, og skulu þeir með reikn- ingum sínum staðfesta notkun efnisins eða vélavinnunnar við skipaviðgerðina. Und- anþága þessi nær þó ekki til viðgerða eða breytinga á skemmtibátum.

### 3. gr.

19. tl. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Þegar efni til skipaviðgerða er keypt hjá verslunum eða öðrum aðilum, sem ekki annast úrvinnslu þess eða niðursetningu um borð í skipi, er heimilt að endur- greiða eigendum eða umráðamönnum skips söluskatt af hinu keypta efni. Sama á við um söluskatt, sem greiddur er við innflutning skipseiganda sjálfs á efni eða varahlutum til skipaviðgerða. Endurgreiðsla á söluskatti kemur því aðeins til greina að reikningur seljanda beri það greinilega með sér að söluskattur hafi verið greiddur. Umsóknir um endurgreiðslu söluskatts samkvæmt þessum tölulíð skulu sendar Sigl- ingamálastofnun ríkisins og skulu þær hafa borist stofnuninni innan árs frá því að viðgerð lauk. Um framkvæmd endurgreiðslu söluskatts, þ. á m. um lágmarksfjár- hæð endurgreiðslubeiðni, skulu að öðru leyti gilda þær reglur, sem settar eru skv. 28. tl. 3. gr. laga nr. 120/1976 um tollskrá o. fl. með áorðnum breytingum, um endur- greiðslu tolla af efnivörum, m. a. til skipaviðgerða. Skipseigandi, sem fær endur- greiðslu samkvæmt þessum tölulíð, skal tilgreina endurgreiddan söluskatt sérstaklega á skattframtali sínu eða í gögnum með því. Undanþága þessi nær þó ekki til viðgerða eða breytinga á skemmtibátum.

## 4. gr.

Við 13. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður er verði 26. tl. og orðist svo:

Vörur, sem falla undir eftirtalin tollskrárnúmer, sbr. 1. gr. laga 120/1976 um tollskrá o. fl. með síðari breytingum: 84.10.32 (dælur úr ryðfriú stáli og/eða plasti ótaldar í öðrum tollskrárnúmerum), 84.11.11 og 84.11.21 (þjöppur fyrir kæli- og frystikerfi og hlutar fyrir þær), 84.15.33, 84.15.39 og 84.15.49 (ísvélar, frystiskápar, kæli-blásarar og lausfrystitæki og hlutar til þeirra, þ. m. t. eimarar og þéttar, sem ekki falla undir önnur tollskrárnúmer).

## 5. gr.

24. tl. 14. gr. reglugerðarinnar, sbr. 3. gr. reglugerðar nr. 450/1979, orðist svo:

Aðgangseyrir að leiksýningum og tónleikum enda séu skemmtanir þessar ekki í neinum tengslum við annað skemmtana- eða samkomuhald.

## 6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 10 22. mars 1960 um söluskatt með áorðnum breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 2. maí 1980.*

**Ragnar Arnalds.**

*Höskuldur Jónsson.*